

Kæru félagar í SKL

Frá því að við hittumst á síðasta aðalfundi hefur ýmislegt verið á döfinni hjá stjórn og formanni og langaði mig til að deila með ykkur svona því helsta.

Formaður sat á vormánuðum og fyrri part sumars hina ýmsu fundi ásamt vöskum hópi kvikmyndagerðarmanna með ráðherrum, nefndum á vegum Alþingis osfrv þar sem okkar sjónarmið voru viðruð í kjölfar hinnar svokölluðu Rauðu skýrslu. Rauða skýrslan er, fyrir ykkur sem ekki vita, rannsókn á fjármögnun íslenskra kvikmynda og bendir með óyggjandi hætti á hversu hagkvæm fjárfesting ríkisins er í raun og veru.

Má segja að árangur þeirrar baráttu hafi valdið töluverðum vonbrigðum þar sem að í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að framlög til úthlutunarsjóða KMÍ muni standa í stað á milli ára. Engin frekari niðurskurður verður, en ekki er heldur gerð nein leiðrétting á þeirri slátrun sem við urðum fyrir síðast. Við munu þó ekki látar staðar numið og reyna af fremst megni að fá þetta leiðrétt.

Jákvætt er þó að málstaður okkar hefur styrktst í kjölfar samstöðunnar og þeirrar vinnu sem unnin var og umtalsverð meðvitund skapast í stjórnkerfinu og hjá almenningi um okkar málefni.

Von er að í framhaldi af annari skýrslu sem unnin hefur verið að frumkvæði Menningarmálaráðuneytis – og fjallar um kvikmyndagerð á Íslandi og samanburð á aðstæðum við hin norðurlöndin - verði sest niður með ráðherra og nýtt samkomulag gert til næstu þriggja ára. Í því samkomulagi verður horft á enduruppbyggingu sjóða KMÍ.

Þess fyrir utan hefur stærsta verkefnið síðasta hálfu árið verið að koma Bíó Paradís á laggirnar. Erum við sem lögðum hönd á plóg sérstaklega stolt af hvernig sú framkvæmd gekk. SKL er einn af þeimur stóru hluthöfum í sjálfseignarstofnuninni Heimili Kvikmyndanna ásamt FK og SKL. Upphafsstuðningur Borgarinnar var ómetanlegur en hrekkur skammt. Það verður aðeins með aðsókn og samstilltu átaki kvikmyndagerðarmanna og annarra kvikmyndaunnenda að þetta gangi upp, ellegar mun húsið verða lítið annað en tilraun. Það væri sorglegt.

Formaður tók sæti í stjórn Heimilis Kvikmyndanna, ÍKSA og BÍL fyrir hönd SKL og mikill tími hefur farið í fundarhöld og hin ýmsu verkefni sem m.a snúa að RÚV. Að fara í smáatriðin yrði allt of langt mál en öllum er ljóst að við núverandi ástand RÚV verður ekki unað.

Unnið er að viðmiðunarsamningi fyrir fyrir leikstjóra sem verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins. Nokkur brögð hafa verið að leikstjórar eru illa að sér í samningagerð og óvissir um hvað er eðlilegt að fara fram á við framleiðendur. Samningur þessi tekur mið að breyttu sýningarlandslagi, nýjum veituleiðum osfrv. Ég vona að þessi samningur verði klár í nóvember.

Prentuð hafa verið félagsskírteini sem félagsmenn SKL geta nýtt m.a í leikhúsunum til að fá frímiða. Þau verða send í pósti til félaga í næstu viku.

Ég vil benda þeim félagsmönnum sem ekki hafa gert það - að senda inn ljósmynd og CV til að birta hér á heimasvæði félagsins, skl-filmdirectors.net. Það er mikilvægt að allir séu sýnilegir hérna inni.

Bestu kveðjur
Ragnar Bragason
Formaður SKL